

EFTIRLITSSKÝRSLA

Arctic Sea Farm hf Patreksfjörður og Tálknafjörður



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	28.12.2018	Ábyrgðarmaður eftirlits	Hulda Soffía Jónasdóttir
Fyrirtæki	Arctic Sea Farm hf	Eftirlitsmaður	Hulda Soffía Jónasdóttir
Heimili	Aðalstræti 20	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	700807-0450	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Steinunn Guðný Einarsdóttir	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Enginn fiskur er í sjó á svæðinu á vegum rekstraraðila. Komnar eru festingar fyrir kvíar og og tveir kvíahringir en engin net.

Ekkert frávik kom fram en þrjár ábendingar eru gerðar.

UMFANG EFTIRLITS

Rekstraraðili staðfesti með tölvupósti þann 10. janúar sl. að enginn fiskur sé, né hafi verið, í sjó á svæðinu á þeirra vegum.

Einnig staðfesti Matvælastofnun þann 12. desember sl. að enginn rekstur væri á vegum rekstraraðila á svæðinu.

Núllskýrslur vegna græns bókhalds og útstreymisbókhalds ársins 2017 hafa borist.

Nýtt starfsleyfi til handa rekstraraðila var gefið út þann 13.12.2017, með síðari breytingu er varðar hnit eldissvæðis við Kvígindisdal þann 24.08.18. Það starfsleyfi var fellt úr gildi með úrskurði úrskurðanefndar umhverfis- og auðlindamála þann 4. október sl. Þann 20. nóvember sl. veitti umhverfissráðherra rekstraraðila undanþágu frá kröfu um starfsleyfi, sem gildir þar til nýtt starfsleyfi hefur verið gefið út eða dómur hefur fallið í málinu, en eigi lengur en til 5. september nk. Skv. útgefni undanþágu er leyfileg framleiðsla á Kvígindisdal 500 tonn og Akurvík 100 tonn og óheimilt er að setja seiði í sjó fyrr en í maí 2019.

Undanþágan er að auki bundin þeim skilyrðum að rekstraraðili fylgi að öðru leyti þeim starfsleyfisskilyrðum sem koma fram í starfsleyfi því sem fellt var úr gildi þann 4. október sl. Tilvísanir í þessari eftirlitsskýrslu í greinar starfsleyfis eiga því við greinar í leyfi gefnu út af Umhverfisstofnun 13.12.2017.

ÁBENDINGAR

Umhverfisstofnun bendir á að skv. gr. 1.5 í starfsleyfi skal rekstraraðili tilkynna stofnuninni áður en rekstur er gangsettur í fyrsta sinn og skv. gr. 1.2 skal tilkynna um útsetningu seiða með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara.

Einnig bendir stofnunin á að skv. vöktunaráætlun skal taka botnsýni áður en eldi hefst á eldissvæði. Eftirlitsaðili óskar eftir uppfærðri vöktunaráætlun.

Stofnunin óskar einnig eftir því að neyðaráætlun sbr. gr. 1.5 í starfsleyfi og áhættumati og viðbragðsáætlun sbr. gr. 2.5 í starfsleyfi sé skilað í sitthvoru skjalinu. Einnig skulu þær uppfærðar í samræmi við áður gefnar leiðbeiningar eftirlitsaðila.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 12.02.2019

Hulda S. Jónasdóttir

Hulda Soffía Jónasdóttir